

AUGLÝSING

um fjárhaldsstjórn Hofsóshrepps.

Á grundvelli 91. gr. sveitarstjórnarlaga ákvað félagsmálaráðuneytið hinn 12. desember sl. að svipta hreppsnefnd Hofsóshrepps fjárforræðum sveitarfélagsins.

Jafnframt var skipuð fjárhaldsstjórn til 1. apríl 1989. Í henni eiga sæti:

Húnbogi Þorsteinsson, skrifstofustjóri, formaður,

Karl Kristjánsson, viðskiptafræðingur og

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Félagsmálaráðuneytið hefur nú ákveðið að framlengja sviptingu fjárforræðis Hofsóshrepps og skipun fjárhaldsstjórnar sveitarfélagsins um tvo mánuði eða til 1. júní 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 27. mars 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði á árinu 1989.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í lögsagnarumdæmi Hveragerðis skv. 3. lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Hveragerði frá 7. júní 1988 skal vera kr. 400 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði árið 1989. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir tímabilið.

2. gr.

Gjald fyrir töku á hundum sbr. 4. og 6. gr. samþykktar um hundahald í Hveragerði, skal vera kr. 1 500 í annað skipti, kr. 3 000 í þriðja skipti og kr. 5 000 í fjórða skipti. Í fyrsta skipti skal veitt skrifleg áminning, nema um alvarlegt brot sé að ræða.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 294/1988.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. mars 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.